

Nemendur sem luku grunnskóla vorið 2006 og sóttu ekki um skólavist í framhaldsskóla

Menntamálaráðuneyti hefur aflað upplýsinga um þann hóp nemenda sem lauk 10. bekk grunnskóla vorið 2006 og sótti ekki um skólavist í íslenskum framhaldsskólum nú í haust.

Þeir nemendur sem um ræðir eru 215, eða rúmlega 4% árgangsins. Piltar eru 139 og stúlkur 76.

Að meðaltali þreyttu þeir nemendur sem um ræðir 2,88 samræmd próf af sex vorið 2006. Samkvæmt upplýsingum Námsmatsstofnunar þreyttu allir nemendur í 10. bekk að meðaltali 4,11 samræmd próf vorið 2006. Af nemendunum 215 þreyttu 49, eða um 23%, engin samræmd próf og 42, eða um 20%, 5-6 próf. Nánast jafnmargir gengust undir próf í íslensku og ensku, eða 152 og 151. Þriðji fjölmennasti hópurinn var í stærðfræði, eða 140. Fæstir tóku próf í samfélagsgreinum, eða 39.

Meðaltal einkunna nemendanna 215 á samræmdum prófum er umtalsvert lægra en landsmeðaltal skv. Námsmatsstofnun, sjá töflu hér að neðan.


Mestur er munurinn í stærðfræði.

	Íslenska	Stærðfræði	Enska	Danska	Náttúrufr.	Samfélagsfr.
Meðaltal einkunna nem. sem innritast ekki í frsk	4,85	3,26	5,33	5,36	4,96	5,14
Landsmeðaltal	6,50	5,50	6,70	6,20	6,10	6,10

Upplýsingaöflun [Hagstofu Íslands](#) um fjölda og hlutfall 16 ára nemenda í framhaldsskólum fer fram um miðjan október ár hvert. Hlutfall 16 ára nemenda sem ekki var við nám í framhaldsskólum var 6% haustið 2005 skv. upplýsingum Hagstofunnar. Sé miðað við hlutfallstölur frá hausti 2005 má gera ráð fyrir að frá innritun og til miðs októbermánaðar hætti um 1-2% nemenda við að hefja nám í framhaldsskóla eða hverfi fljótt frá námi.


Spár og rauntölur um fjölgun nemenda og kennara í grunnskólum

Í byrjun árs 1999 var gefið út álit nefndar um mat á kennarabörf í grunnskólum til ársins 2010. Það er áhugavert að skoða álitid til að athuga, nú sjö árum síðar, hvernig spáin hefur gengið eftir. Til grundvallar lagði nefndin spá um fjölda nemenda í grunnskólum og studdist við fæðingartölur frá [Hagstofu Íslands](#). Grafið hér að neðan sýnir spá um fjölgun nemenda til ársins 2005 í neðri línu og raunfjölgun nemenda í efri línu.



Eins og sést þá hefur nemendum fjölgað meira en gert var ráð fyrir og munar þar um rúmlega sjö hundruð nemendur. Þar sem allar fæðingartölur voru þekktar þegar spáin var gerð er eina skýringin á þessum mismun að börnum af erlendum uppruna hefur fjölgað meira en gert var ráð fyrir. Nefndin sá fyrir að grunnskólabörnum færi fækkandi eftir 2003 og hefur það gengið eftir.

Á grundvelli spár um fjölda grunnskólanema og að teknu tilliti til fyrséðra breytinga á skólastarfi með einsetningu, lengingu skólaárs og fjölgun kennslustunda, þá gaf nefndin út spá um þörf fyrir grunnskólakennara fram til ársins 2010. Grafið hér að neðan sýnir spá nefndarinnar til ársins 2005 í neðri línu og raunfjölgun kennara í efri línu. Inni í þessum tölum eru kennarar og sérkennarar, með og án kennsluréttinda.



Náttúrufræðikennsla í grunn- og framhaldsskólum í Evrópu

Eurydice (upplýsinganet um menntamál í Evrópu) gaf nýlega út ritið *Science Teaching in Schools in Europe. Policies and Research*. Í ritinu er fjallað um náttúrufræðikennslu í grunn- og framhaldsskólum og er sjónum m.a. beint að námskrám, menntun náttúrufræðikennara, námsmati og tengslum rannsókna og menntunar kennara. Ritið er aðgengilegt á vef menntamálaráðuneytis www.menntamalaraduneyti.is Jafnframt er bent á vef *Eurydice*: www.eurydice.org en þar má finna umfangsmiklar samanburðarhæfar upplýsingar um menntamál í Evrópu.

Málþing um málefni unglíngastígsins

Málþing um málefni unglíngastígsins var haldið hinn 20. nóvember sl. Fulltrúar komu frá ýmsum félagsamtökum og stofnunum sem þjóna grunn- og framhaldsskólanemendum auk fulltrúa tilheyrandi nefnda á vegum menntamálaráðuneytis. Á málþinginu var m.a. rætt um fjölbreytni og sérhæfingu náms, hlut valgreina á unglíngastigi, sveigjanleika náms og nám á tveimur skólastigum, samræmd próf ofl. Um 40 manns sóttu málþingið.

